

[Umsóknareyðublað](#) v. styrks úr Menningarsjóði FÍH

Reglugerð fyrir A-deild menningarsjóðs FÍH

1. gr. Nafn

Sjóðurinn heitir “*Menningarsjóður Félags íslenskra hljómlistarmanna*”.

2. gr. Markmið

a. “*Að efla skilning á menningargildi lifandi hljómlistar*” eins og getið er um í 1.grein laga félagsins f.lið.að standa fyrir námskeiðum fyrir félagsmenn.

b. að styrkja meðlimi eða hópa úr félaginu til náms.

c. að skipuleggja samstarf við aðra aðila um framangreinda liði í samvinnu við stjórn félagsins.

d. að styðja við tónleikahald meðlima félagsins

e. að styðja útgáfu hljómfanga.

3. gr. Tekjur

a. Hlutur félagsins frá Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda. Vegna notkunar á markaðshljóðritum í útvarpi og sjónvarpi.

b. Styrkir.

c. Námskeiðagjöld.

d. Frjáls framlög.

e. Vaxtatekjur.

4. gr. Stjórn

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn eftirfarandi stjórn:

Tveir úr aðalstjórn, formaður og gjaldkeri, einn úr stjórn Einleikaradeildar, einn úr stjórn Popp/rokkdeildar og einn úr stjórn Jazzdeildar. Formaður og gjaldkeri stíja ótímabundið en aðrir stjórnarmeðlimir eru valdir af stjórn félagsins til 3ja ára í senn. Stjórnarseta þeirra sem sitja tímabundið skal skarast þannig að einn nýr fulltrúi taki sæti á hverju ári.

5. gr. Úthlutunarreglur

a) Stjórn sjóðsins afgreiðir aðeins þær umsóknir sem innihalda skýr markmið og umbeðnar

upplýsingar. Sjóðsstjórn er heimilt að leita eftir nánari upplýsingum ef þurfa þykir. Til að umsóknir fái umfjöllun og afgreiðslu verða þær að innihalda:

- Nafn umsækjanda og kennitölu
- Ítarlega lýsingu á verkefni
- Skýra kostnaðaráætlun
- Upplýsingar (eftir því sem við á) um hvenær tónleikahald, útgáfa, námskeið, tónleikaferðir eða tónlistarhátíðir fara fram

b) Nánari upplýsingar um styrki:

Tónleikastyrkir

Sjóðurinn veitir styrki til tónleikahalds, allt að 300.000 eftir umfangi.

Ef um óvenjustórt verkefni er að ræða getur stjórn greitt allt að tvöfaldri hámarksupphæð.

Tónlistarhátíðir

Styrkir vegna tónlistarhátíða eru tengdir umfangi og eru veittir að hámarki 3 ár í röð. Styrkir geta numið allt að 200.000 sé um óvenju stórt verkefni sé að ræða.

Tónlistarútgáfa/Upptökustyrkir

Styrkir vegna útgáfu tónlistar eru allt að 200.000 kr. Miðað er við að hver umsækjandi geti sótt um styrk á tveggja ára fresti (24 mánuðir). Upptökustyrksumsóknir, óháðar útgáfu, eru metnar.

Ferðastyrkir fyrir einstaklinga

Sjóðurinn veitir ferðastyrki árlega og eru þeir 55.000 kr. vegna ferðalaga til Evrópu og 75.000 kr. vegna ferðalaga til Ameríku.

Ferðastyrkir fyrir hópa

Ef um hópferð er að ræða verður hver aðili að sækja um fyrir sig og þá getur styrkur mest orðið 250.000 í heild.

c) Styrkþegi skal gefa stjórn sjóðsins nákvæma skýrslu að verkefni loknu, sé þess óskað

6. gr. Ársskýrsla

Stjórn sjóðsins ber að rita nákvæma frásögn af störfum sínum, svo meta megi árangur sjóðsins. Skýrsluna skal bera upp á aðalfundi FÍH.

7. gr.

Breytingar á reglugerð þessari skal bera upp á aðalfundi FÍH og þurfa 2/3 hluta atkvæða til þess að þær öðlist gildi.

Menningarsjóður fær tekjur m.a. frá SFH og IHM. Samkvæmt lögum skal nota tekjur sjóðsins til félagslegra þarfa. Á félagsfundi 1988 var ákveðið að ráðast í uppbyggingu nýs félagssvæðis FÍH að Rauðagerði 27. Var ákveðið að færa þangað alla aðstöðu félagsins, þ.á.m. tónlistarskólann. Einnig var ákveðið að innrétta þar nýjan tónleikasal. Á undanförunum árum hefur stjórn félagsins veitt hluta af tekjum sjóðsins til að styrkja einstaka félagsmenn og hópa.

8. gr.

Aðalfundur FÍH haldinn 10. apríl 1995 að Rauðagerði 27 samþykkir eftirfarandi tillögu um Menningarsjóð félagsins.

a. Sá hluti sem kemur frá SFH vegna flutnings á verndaðri íslenskri tónlist í útvarpi/sjónvarpi skal notaður til úthlutunar styrkja til félagsmanna.

b. Aðrar tekjur skulu notast til félagslegrar uppbyggingar og annarra félagslegra þarfa. Skipa skal sérstaka úthlutunarnefnd til að annast úthlutun styrkja skv. A hluta og skal hún skipuð 5 mönnum á eftirfarandi hátt: Tveir úr stjórn félagsins, einn úr einleikaradeild, einn úr jassdeild og einn úr rokkdeild. Úthlutunarnefndin skal búa til úthlutunarreglur til að vinna eftir.